

Fundargerð

Umhverfisnefnd Brimvers - Æskukots

10.11.2015

3. fundur haldinn á skólabókasafni BES á Stokkseyri.

Mætt: Anton Marel, Angelika, Almar Elí, Daníel Örn, Emilía Dís, Krístrún Birta, Þórdís Katla, Þorsteinn Jón, Guðný Ósk, kennari og foreldri, Hulda Ósk og Sigríður Birna.

Sungum saman „Við erum vinir“

Við erum vinir

Við erum vinir, við erum vinir,
ég og þú, ég og þú.

Leikum okkur saman, leikum okkur saman,
ég og þú, ég og þú.

Vinátta - Umræður um vináttu og mikilvægi hennar, töluðum um hvernig okkur líður þegar við erum með vinum okkar.

Verkefni á bókasafninu eftir fund var skráning frá hverjum nemanda um vináttu sem unnið verður áfram með í leikskólanum. Vinátta er leiðarljós í leikskólasterfinu.

Kennarar ræða um vináttu við nemendur í daglegu starfi, vinátta verður sýnileg í ritmáli á deildum í söngtextum og við lestur bóka.

Rifjuðum upp frá síðasta fundi hvernig við göngum um umhverfið – eins og bókasafnið og leikskólann, töluðum um mikilvægi þess að ganga vel um og af virðingu.

Jörðin - Umræður um jörðina og mynd skoðuð af hnettinum. Við höfum eina jörð til að búa á og eigum að hugsa vel um hana og ganga vel um náttúru og umhverfi. Til að gæta að heilbrigði okkar er mikilvægt að ganga vel um jörðina því hún gefur okkur m.a. vatn, súrefni og fæðu.

Verkefni fyrir næst fund er að hafa hnattlíkan sýnileg inni á deildum leikskólans og skoða með nemendum.

Heilbrigði - Umræður um mikilvægi þess að hugsa vel um heilsu sína. Við fáum einn líkama og eigum að hugsa vel um hann. Það getum við gert með því að borða hollan mat, hreyfa okkur, hvílast vel, vera góð hvert við annað og hafa gaman saman því „Kroppurinn er kraftaverk“.

Verkefni fyrir næsta fund: Nemendur fengu það verkefni að fara með póst inn á deildir leikskólans en í honum voru orð sem tengjast mannlíkamanum. Farið var yfir þessi orð með nemendum og atkvæði þeirra klöppuð.

Nemendur skoða með kennurum sínum glærur af beinum og vöðvum mannlíkamans, þar sem fram fara umræður um hlutverk þessara líffæra og skrá niður hvað sé hollt og gott fyrir vöðva og bein. Tengja verkefnið við sköpun og læsi með því að teikna mannlíkama, líffæri og skrá inn heiti þeirra, hafa ritmálið sýnilegt, lesa bækur og ná í fróðleik á netinu með nemendum. Leggja áherslu á vináttu, gleði, sköpun og heilbrigði.

Næsti fundur umhverfisnefndar verður þriðjudaginn 8. desember kl. 10:40 á skólabókasafninu í BES á Stokkseyri. Foreldrar eru velkomnir á fundinn.